

B. Landskjörnir þingmenn.

(Skammstafanir: A = Alþýðuflokkur, Ab = Alþýðubandalag, S = Sjálfstæðisflokkur.)

1.	landskjörinn þingmaður:	Sigurður Ingimundarson, efnafr. A.
2.	—	Birgir Finnsson, forstjóri. A.
3.	—	Eðvarð Sigurðsson, form. Verkamanna- félagsins Dagsbrúnar. Ab.
4.	—	Guðmundur Í. Guðmundsson, ráðherra. A.
5.	—	Ragnar Arnalds, stud. jur. Ab.
6.	—	Davíð Ólafsson, fiskimálastjóri. S.
7.	—	Sverrir Júlíusson, útgerðarmaður. S.
8.	—	Bjartmar Guðmundsson, bóndi. S.
9.	—	Jón Þorsteinsson, héraðsdómslög. A.
10.	—	Geir Gunnarsson. Ab.
11.	—	Matthías Bjarnason, framkvæmdastj. S.

Varamenn landskjörinna þingmanna.

Fyrir Alþýðubandalagið:	Ingi R. Helgason, héraðsdómslögmaður. Karl Guðjónsson, kennari.
— Alþýðuflokkinn:	Ásmundur Sigurðsson, bankamaður. Friðjón Skarphéðinsson, bæjarfógeti. Unnar Stefánsson, viðskiptafræðingur. Pétur Pétursson, forstjóri.
— Sjálfstæðisflokkinn:	Hilmar S. Hálfðánarson, verðgæzlum. Ragnar Jónsson, skrifstofustjóri. Hermann Þórarinnsson, bankaútibússtjóri. Ásgeir Pétursson, sýslumaður. Sverrir Hermannsson, viðskiptafræðingur.

Nr. 192.

8. nóvember.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Önnu Sigurjónsdóttur, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 8. nóv. 1963. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Önnu Sigurjónsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Önnu Sigurjónsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Önnu Sigurjónsdóttur frá Hróarsdal í Hegranesi, sem fæddist 10. ágúst 1926 að Nautabúi í Hjaltadal og andaðist 29. okt. 1958.

Stofnendur sjóðsins eru:

Kristniboðsflokkurinn Frækornið, eiginmaður Önnu Sigurjónsdóttur, Þórarinn Jónasson í Hróarsdal, og nokkrir vinir og ættingjar Önnu.

Stofnfé sjóðsins er kr. 14047.00.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

Vextir af peningum og arður af eignum sjóðsins, gjafir, áheit og annað, er sjóðnum kann að áskotnast. Tekjur sjóðsins leggjast við höfuðstól með þeim takmörkunum, er segir í 6. gr.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa þrjú menn. Samband ísl. kristniboðsfélaga skal tilnefna einn mann, Kristniboðsflokkurinn Frækornið einn mann. Þriðji maðurinn er Þórarinn Jónasson, meðan hans nýtur við, en að honum látnum einn af afkomendum Önnu Sigurjónsdóttur, en að þeim frágengnum einn af nánustu skyldmönnum hennar. Fari svo, að Kristniboðsflokkurinn Frækornið hætti störfum, skulu hinir tveir stjórnarmeðlimir sjóðsins kjósa þriðja mann í stjórn hans. Stjórnarmeðlimir skulu kosnir til eins árs.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja krisniboðsstarfið í Konsó á meðan það starfar, og síðan aðra íslenska kristniboðsstöð, sem kann að verða starfrækt.

6. gr.

Vextir og arður af sjóðnum skulu leggjast óskipt við höfuðstól hans, þar til hann er orðinn kr. 100000.00. Frá þeim tíma má verja allt að hálfum ársvöxtum og arði samkvæmt skipulagsskrá þessari. Sé leyfð úthlutun ekki notuð til fulls, leggst afgangurinn við höfuðstól. Höfuðstóllinn má aldrei skerða.

7. gr.

Höfuðstóll sjóðsins skal ávaxtaður í ríkistryggðum bönkum, sparisjóðum eða verðbréfum, sem stjórn sjóðsins telur fullkomlega trygg. Heimilt skal þó að festa sjóðinn í eigin framkvæmdum Sambands ísl. kristniboðsfélaga, en tryggja skal þá, að sjóðurinn njóti hæstu vaxta.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðarbók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrá og alla þá, er styrk fá úr sjóðnum. Einnig skal færa í hana samþykktir og annað, er varðar hag og rekstur sjóðsins. Einnig ber sjóðsstjórninni að halda bókhald yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld, og færa ársreikninga sjóðsins og skulu þeir þá undirritaðir af stjórn sjóðsins og endurskoðendum. Loks skal árlega senda stjórn Sambands ísl. kristniboðsfélaga skýrslu um tekjur sjóðsins, gjöld og eignir. Skal skýrsla þessi birt í mál gagni Sambands ísl. kristniboðsfélaga.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar sjóðsins fullgerðir fyrir lok janúarmánaðar næstan á eftir. Skulu þeir síðan endurskoðaðir af endurskoðendum reikninga Sambands ísl. kristniboðsfélaga.

10. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari, er tímar líða, ef brýnar ástæður liggja til. Þó verður stjórn sjóðsins ásamt stjórn Kristniboðsflokksins Frækornsins og Samband ísl. kristniboðsfélaga að samþykkja breytingarnar. Aldrei má þó breyta nafni sjóðsins, né aðaltilgangi hans, sem um getur í 5. gr.

